

Nr. 093 / 13 Heiðar RE 350**Vélarvana og dreginn til hafnar**

Skipaskr.nr. 7197
Smíðaður: Sandgerði 1989, plast
Stærð: 4,55 brl 4,28 bt
Mesta lengd: 7,75 m Skráð lengd: 7,65 m
Breidd: 2,36 m Dýpt: 1,34 m
Vél: Vetus 24 kW, 1989
Fjöldi skipverja: 7



Heiðar©Fiskifrétir

Gögn:
Gögn RNS

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 14. febrúar 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni og Hilmarí Snorrasyni. Pálmi K. Jónsson tók þátt í afgreiðslu á drögum skýrslunnar.

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 17. júní 2013 var skemmtibáturinn Heiðar RE 350 á færaveiðum skammt norðaustur af Viðey. Veður: SA 5-6 m/sek

Bátsverjar voru á færaveiðum og að þeim loknum þegar ætlunin var að fara til lands aftur náðist ekki að kúpla að gírnum og óskaði formaður eftir aðstoð. Björgunarskipið Þórður Kristjánsson dró Heiðar til hafnar í Reykjavík.

Við rannsókn kom fram:

- að fram kom hjá formanni að þrátt fyrir bilanaleit fannst ekki orsök bilunarinnar en síðar kom í ljós að „demparatengi“ (sveigjutengi) á milli gírs og vélar hafði brostið.

Nefndarálit:

Orsök bilunarinnar var að sveigjutengi hafði gengið í sundur.